

Stjórnarfundur Tæknimínjasafns Austurlands

Fundur í stjórn Tæknimínjasafns Austurlands þriðjudaginn 11. júlí 2006 klukkan 15:10.

Mættir eru: Pétur Kristjánsson, Grétar Benjamínsson og Þorkell Helgason. Aðrir stjórnarmenn gátu ekki mætt.

Á fundinum gerðist þetta:

1. Pétur kynnir ársskýrslu fyrir árið 2005 og fór yfir helstu viðburði liðins árs. Rætt lauslega en engar athugasemdir gerðar við skýrslu.
2. Ársreikningur fyrir árið 2005. Þar kemur fram að halli á rekstrarreikningi er kr. 1.261.847,- Handbært fé í árslok er kr. 568.544,- Eins kemur fram að minna fé kom frá fjárveitingarnefnd Alþingis en búist hafði verið við. En það kom fram að horfur á þessu ári eru mun betri og von á rúmum 17 milljónum í styrki. Reikningar samþykktir.
3. Rætt um yfirstandandi verkefni til dæmis sýning á Kabel-húsi í kjallara gömlu símsstöðvar, flokkun safngripa, geymsluhúsnæði og kostnað við að reka húsnæði safnsins. Það er ljóst að fyrirliggjandi verkefni munu reyna mjög á skipulag og starfsmenn safnsins, því verkefni eru stór miðað við stærð og umfang safnsins.
4. Önnur mál. Létt rabb í fundarlok, en ekkert það bitastætt að það sé fært til bókar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16:25.

Undirritað:

Þorkell Helgason
Grétar R. Benjamínsson
Pétur Kristjánsson